



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

ADALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA 5. júní 2024

Skýrsla stjórnar, starfsárið 2023 – 2024

Í nóvember var félagsmönnum boðið upp á vefnámskeið í sjálfbærni rannsóknastofa á vegum Eurolabs. Félagsmönnum var boðið að hlýða á námskeiðið í húsakynnum Mannvits. Námskeiðið var auglýst á heimasíðu félagsins og einnig var sendur út tölvupóstur til SÍP félaga. Var rennt blint í sjóinn hvort félagsmenn myndi hafa áhuga á að hittast og ræða saman að námskeiði loknu og vorum við því afar ánægð með undirtektirnar og þátttökuna.

Á vormánuðum var félagsmönnum boðið í Matís. Sérfræðingur miðlunar kynnti Matís, verkefnastjóri kynnti helstu þróunarverkefni Matís og í lokin kynnti Halla gæðastjóri og stjórnarmaður SÍP gæðastarfið. Að loknum kynningum var gengið um rannsóknastofuna. Kynningin var mjög fræðandi og vel sótt af félagsmönnum.

Sú ánægjulega nýjung hefur átt sér stað í kjölfar covids að fjöldi vefnámskeiða fyrir tilstuðlan Eurolabs og Eurachems er í boði fyrir félaga án kostnaðar eða gegn vægu gjaldi. Hefur stjórn SÍP valið nokkur vefnámskeið og kynnt sérstaklega fyrir félagsmönnum í tölvupósti og/eða á vefsíðu SÍP. Bendum við félagsmönnum okkar á að vakta heimasíður Eurolabs og Eurachems (sjá krækjur á heimasíðu SÍP). Á heimasíðu þeirra er annars vegar auglýstir væntanlegir viðburðir og hins vegar eru þar fjölmargar gagnlegar leiðbeiningar (guidelines) sem eru rýndar af fagaðilum reglulega en innan Eurolabs og Eurachems fer fram ómetanlegt starf okkar helstu sérfræðinga í Evrópu við að rýna staðla og miðla fróðleik áfram til hagaðila.

Námskeið sem auglýst voru sérstaklega með tölvupósti og/eða á vefsíðu SÍP, <http://icelab.123.is/> voru:

- Í átt að framtíðarrannsóknastofu, 5. júlí 2023 á vegum Eurolabs og NLA í S-Afríku.
- Build a sustainability culture in your lab, 29-30. nóv á vegum Eurolabs. SÍP félagar komu saman og hlustuðu á seinni hluta námskeiðisins og áttu góðar samræður í lok þess.
- Method and procedure validation across laboratories: navigating precision in lab practices, 26. feb. 2024 á vegum Eurolabs
- Recent Developments in Quality Assurance 12. – 13. mars 2024 á vegum

Eurachems

- Estimation of Measurement Uncertainty in Chemical Analysis, online námskeið á vegum Eurolabs á tímabilinu 19. mars – 12. maí.
- International Master Class on Internal Audits in Laboratories (ISO/IEC 17025), 19. – 21. maí á vegum Eurolabs

Ársfundur Eurachems 2024 var haldinn í Vilnius og fulltrúi úr stjórn SÍP sótti fundinn. Á fundinum voru líflegar rökræður um þörf þess að setja inn viðbótar ákvæði/reglur að Eurachem aðild sem snúa að því að landsfulltrúar geta áminnt, vikið eða vísað félagsmanni og/eða landi úr Eurachem ef talið er að hegðun viðkomandi geti skaðað hagsmuni félagsins. Það var fjallað ítarlega um vottuð viðmiðunarefni CRM (certificated reference material) og viðmiðunarefni án vottunar RM. Það var m.a. fjallað um hver væri munurinn á rekjanleika á primary og secondary CRM. Einnig voru skiptar skoðanir meðal landsfulltrúa hvort vottorðin sem fylgdu CRM væru nógu skýr. Það er einnig ekki sjálfgefið að CRM sé fánlegt fyrir mörg efni og/eða til í æskilegri matrixu

Ársfundur Eurolabs 2024 var ekki sóttur en tengill okkar í Eurolab er einnig fulltrúi í TCQA (EUROLAB TECHNICAL COMMITTEE ON QUALITY ASSURANCE IN TESTING AND CALIBRATION). Fulltrúi okkar er í vinnuhópi sem lýtur að sjálfbærni. Það er fundað annan hvern mánuð á netinu.

Aðilar að SÍP eru nú 16 BM Vallá, BSI Íslandi, COWI Íslandi ehf, Frumherji hf, Haf og vatn, Hlaðbær Colas, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - HMS, Isor, Malbikunarstöðin Höfði, Malbikstöðin, Mátis ohf, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði - RLE, Rio Tinto á Íslandi, Steypustöðin ehf, Tæknisetur og Vegagerðin.

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins.

Stjórn og stjórnarfundir

Samskipti stjórnarmanna fóru að mestu fram á vefmiðlum en stjórn hittist einnig á þremur formlegum stjórnarfundum. Áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar. Stjórnin hefur unnið að því að fá fleiri fyrirtæki sem reka prófunarstofur inn í SÍP.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt: Elísabet Sólbergsdóttir, Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði – formaður og tengill við Eurachem, Guðrún Eva Jóhannsdóttir, Mannvit hf – ritari og umsjónarmaður vefsíðu, Finnbogi Óskarsson Ísor. – gjaldkeri, Elín Ásgeirsdóttir, Malbikunarstöðin Höfði – stjórnarmaður og tengill við Eurolab og Halla Halldórsdóttir, Mátis ohf – stjórnarmaður.

Reykjavík maí 2024

f.h. stjórnar

Elísabet Sólbergsdóttir